

C.4 Skilmálar um vinnsluáætlanir

0. Breytingar frá fyrri útgáfu

Hér er um frumútgáfu að ræða.

1. Inngangur

- 1.1 Skilmálar þessir eru settir á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum, og reglugerðum nr. 1050/2004 um raforkuviðskipti og mælingar með síðari breytingum, nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga með síðari breytingum og nr. 513/2003 um kerfisstjórnun í raforkukerfinu.
- 1.2 Skilmálar þessir hafa verið staðfestir af ráðherra, sbr. 6 mgr. 9. gr raforkulaga.

2. Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda fyrir skilmála þessa:

- 2.1 *Kerfisöng* nefnast þær aðstæður þegar flutningsgeta flutningsvirkis eða hluta flutningskerfis er ófullnægjandi, þannig að takmarka þurfi orkuflutning.
- 2.2 *Niðurreglun* á við þörf fyrir neikvætt reglunar afl, þ.e. það afl sem taka þarf út af kerfinu þegar raunnotkun er minni en áætluð notkun í raforkukerfinu í heild.
- 2.3 *Reglunar afl* er það afl sem Landsnet nýtir til að jafna frávik milli áætlaðrar aflnotkunar og raunverulegrar aflnotkunar í raforkukerfinu í heild.
- 2.4 *Reglunar aflsmarkaður* er innkaupsmarkaður Landsnets fyrir reglunar afl.
- 2.5 *Reiðu afl vegna truflana* á við það raun afl, sem fyrirvaralaust er tiltækt fyrir tíðnistýringu utan við 49.8 – 50.2 Hz og stýrist sjálfvirk út frá tíðnifráviki kerfis.
- 2.6 *Uppreglun* á við þörf fyrir jákvætt reglunar afl, þ.e. það afl sem þarf að bæta inn á kerfið þegar raunnotkun er meiri en áætluð notkun í raforkukerfinu í heild.
- 2.7 *Vinnsluáætlun* vinnslufyrirtækis skal innihalda tölulegar upplýsingar um fyrirhugaða framleiðslu þeirra virkjana þess sem hafa 7 MW aflgetu eða meira. Vinnsluáætlun er gerð fyrir einn dag í senn, klukkustund fyrir klukkustund.
- 2.8 *Vinnslufyrirtæki* er fyrirtæki sem stundar vinnslu á raforku eða hefur fengið virkjunarleyfi.

3. Almenn

- 3.1 Þessir skilmálar kveða á um lögboðin skil vinnslufyrirtækja á vinnsluáætlunum og hvernig þeim er fylgt við vinnslustýringu.

4. Skil á vinnsluáætlunum

- 4.1 Skil vinnsluáætlana skulu vera á rafrænu formi í gegnum heimasvæði vinnslufyrirtækis á vefsvæði Landsnets, nema Landsnet ákveði annað. Í vinnsluáætlun skal tilgreina fyrirhugaða vinnslu þeirra virkjana vinnslufyrirtækisins sem tengdar eru flutningskerfinu og hafa 7MW aflgetu eða meira. Fyrir þær virkjanir sem eru í stýringu frá Landsneti skal vinnsluáætlun gerð fyrir hverja vinnslueiningu. Í vinnsluáætlun skal vera tilgreind vinnsla fyrir hverja klukkustund.

Fyrir virkjanir sem hafa aflgetu undir 7MW, skal skila inn vinnsluáætlun, ef afl þeirra er boðið á reglunarafslmarkaði.

- 4.2 Vinnslufyrirtæki sem selur Landsneti reiðuafli vegna truflana skal sýna dreifingu þess á vélar sínar í vinnsluáætlun á því formi sem Landsnet ákveður.
- 4.3 Skil vinnsluáætlana skulu vera fyrir kl. 14.00 föstudaginn fyrir þá viku sem fer í hönd, þ.e. frá laugardegi til föstudags. Leiðréttá má gildi í vinnsluáætlun allt að 2 klst. fyrir þann tíma sem þau eiga við. Ef upp koma rekjanleg tæknileg vandamál við skilin er heimilt að skila vinnsluáætlun utan þessa frests að fenginni heimild Landsnets.
- 4.4 Landsnet áskilur sér rétt til að hafna vinnsluáætlun ef fyrirsjáanlegt er að hún sé óframkvæmanleg vegna flutningstakmarkana eða að framkvæmd hennar sé ekki í samræmi við öruggan rekstur raforkukerfisins. Í slíkum tilfellum hefur Landsnet samband við viðkomandi vinnslufyrirtæki og gefur þeim ákveðinn frest til að senda inn endurskoðaða áætlun.

5. Vinnslustýring

- 5.1 Vinnslu þeirra virkjana, sem eru í beinni stýringu hjá Landsneti, er stjórnað samkvæmt vinnsluáætlunum þeirra og tilboðum á reglunarafslmarkaði. Landsneti er þó heimilt að gera undantekningu frá þessu til að geta uppfyllt skyldur sínar vegna kerfisstjórnunar sbr. 2. mgr. 7. gr. raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum.
- 5.2 Breyting á vinnslu virkjunar vegna frávik á álagi frá áætlunum er gerð í samræmi við upp- eða niðurreglunartilboð og samkvæmt skilmálum um öflun reglunarafsls og uppgjör jöfnunarorku.
- 5.3 Vinnslufyrirtæki sem stýra sjálf sínum virkjunum skulu gera það samkvæmt þeim vinnsluáætlunum sem þau senda Landsneti hverju sinni.

6. Ábyrgð

- 6.1 Ákvæði almennra skilmála um flutning raforku og kerfisstjórnun (nr. A.1) varðandi ábyrgð skulu einnig eiga við um vinnsluáætlanir.

7. Óviðráðanleg öfl

- 7.1 Ákvæði almennra skilmála um flutning raforku og kerfisstjórnun (nr. A.1) varðandi óviðráðanleg öfl skulu einnig eiga við um vinnsluáætlanir.

8. Brot á skilmálum

- 8.1 Heimilt er að óska eftir því að Orkustofnun aðhafist á grundvelli VII. og VIII. kafla raforkulaga ef brotið er gegn skilmálum þessum.

9. Eftirlit og úrræði

- 9.1 Orkustofnun hefur eftirlit með því að fyrirtæki starfi samkvæmt lögum nr. 65/2003 og fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum, reglugerðum og skilmálum þessum.
- 9.2 Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða þessara skilmála skal í þeim tilvikum þar sem Orkustofnun hefur úrskurðarvald á grundvelli VII. og VIII. kafla raforkulaga leita úrlausnar stofnunarinnar og úrskurðarnefndar raforkumála þar sem það á við. Verði ágreiningi ekki skotið til Orkustofnunar má vísa málinu til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur.

10. Tilvísanir

- 10.1 A.1 Almennir skilmálar um flutning raforku og kerfisstjórnun.
- 10.2 B.3 Skilmálar um öflun reglunarafsls og uppgjör jöfnunarorku.